

# HEIMIR

III. árgangur

WINNIPEG, 1907.

II. blað.

STEPHAN G. STEPHANSSON:

## MILLI LESMÁLS OG LJÓÐA

### FYRSTA VETRARKVELD.

Komið rökur— fögur flýja varð  
Flóttamaður, dagur smár og léttur.  
Gægist fölvskað fyrsta mánans barð  
Fyrir brekkuhorn á austursléttu.  
Kveldstjarnanna nætur-glætur glitra,  
Gráa niðr um skýjabólstra sitra.

Gengt í norðri heyrir' eg háan klið,  
Hljóðlát nóttin fer ei ein á vegi.  
Veðurhljóðið heldur spori við  
Hófadýnur—jóa tvo eg eygi  
Út af skýja skjaldborg norðurbakka  
Skeiða fram með hrfðarkembda makka.

Situr þar í klaka-kristals reið  
Kongur Vetur, stýrir vindum nætur.  
Fáka þenur, þeysir suðr á leið,  
Þyrlast snjó um kerru sína lætur.  
Hjólin spinna hækkað fanna kyngi,  
Hræðist Vetur ei að stormar spryngi.

Dyknar elið, þrútnar hrið og blæs,  
 Þytur kaldur fer af ökumanni.  
 Fyllist jóreyk, rökkva íss og snæs,  
 Rokuloft og sléttan fanna-hrauni.  
 Fjöllin á sig klakahjálmi hvelta,  
 Krapabrynju týgjast vatn og elfa.

Aldrenn Vetur, enginn fagnar þér,  
 Allir fyrir veldi þínu kvíða,  
 Súmar-blóm af felmtri fölnað er,  
 Fallin lauf af skelfing þinna hriða—  
 Þú munt stolt frá stóli jökulfanna  
 Stjórna lengst í óþökk guðs og manna.

Kaldi Vetur, kveðið get eg við  
 Komu þína og rímað kuldann á þér—  
 Velkominn, að gestagreiðans sið,  
 Í garð minn vert og sittu uppi hjá mér.  
 Hér er ekkert handa þér að frjósa,  
 Hæfilegan náttstað áttu' að kjósa.

Gistu, þigðu þessi stuttu ljóð  
 Þér í sveig sem bind eg stirð og frosin,  
 Vinargjöf þér valin er svo góð!  
 Verður sæmri þér til handa kosin?  
 Íshönd þinni endast mun hún betur  
 Akurrósum sem að fælast vetur.

Heyrðu vinur! greiðinn á sín gjöld—  
 Gef mér fyrir sveiginn slíkra blóma:  
 Nokkur fjölstirnd, frostheið tunglskinskvöld,  
 Fagurbeltuð segulstrauma ljóma,  
 Og á veldisvængjum bylja þinna,  
 Vetur, lyftu þrá til hærri kynna. [1883]

## EFTIR JÓL.

Gert til Sigurðar frá Víðimýri.

Svo þá eru Jólin þessi frá—

Og þú lékst þér suð'r í bænum,  
 Í kofanum norpti' eg norður við á  
 Og næddi' í vetrarblænum.  
 Og milli' okkar heiðin og hriðin lá,  
 Eitt hundrað mílna' af gaddi' og snjá.

En Jól eru meskin og munar ei gránd

Um mælistig norður á bóginn,  
 Og víst er þeim sama um veður og laud,  
 Um vetur og frostið og snjóinn.  
 Þau setjast þar að sem að lundin er létt  
 Og lífið og fjörið er komið á sprett.

Því manstu' ekki heima hvernig það gekk

Að helga þau Jól hverjum smávöxnum rekk?  
 Enn kann eg þau hátíða-höldin,  
 Og allan þann hlæjandi hátíðabrag  
 Við hoppið og skoppið þann guðslangan dag,  
 Og leikinn við ljósin um kvöldin.

Að fleygjast á skiðum af fellunum,

Að fljúga á skautum á svellunum,  
 Á svigum að hendast af hengjunum,  
 Að hleypa' eftir velli og engjunum—  
 Að eltast á kveldin af „kellunum“,  
 Og hvekkja þær sífelt með brellunum,  
 Sem fastlega hétu að „flengja' 'onum“,  
 Sem fyrstum þær næðu' af drengjunum.

Og ósvikin gleði og andagift ný

Var í hverjum þætti þeim jólaleik í.

Svo voru Jól okkar, Siggi minn—  
 Svona' upp í huganum vekst það—  
 Eg er að reyna' að yrkja þau inn  
 Aftur í líf okkar.— Tekst það? [1889]

## AFSÖKUN HINS SKUGGSÝNA.


Þið segið, að eg kveði lífið ljótt,  
 Og leiti' ekki' að gulli heldur skarni,  
 Að eilífið mín sé eintóm kolsvört nótt  
 Og æfin villa' á slóðarlausum hjarni.

Þið segið það—Og svo er flónið spurt,  
 Hvert sælla muni' ei trúblindingsins hjarta,  
 Sem forðum daga dreymdi myrkrið burt  
 Í dúrnnum langa' og þekti ei eldinn bjarta.

En hver er heill að hugsa' ið dimma bjart?  
 Það hamlar kveiking ljóssins sem menn þyrftu—  
 Mér virðist sælla' að vita myrkrið svart,  
 Það vekur hjá mér löngun eftir birtu.

Ef trúir þú að sár þitt sé ei sár,  
 Það seint mun gróa, en brýzt út stærra' og verra—  
 En ef eg sýni' að lífið taki tár,  
 Eg tala kjark í lýð að mýkja' og þerra.

En seinna munu málin greiðast vönd  
 Úr mykraflækju, af dómstól inna spöku.  
 Og bjartskygnt fólkið blessa hverja hönd,  
 Sem brá upp skari' í tímans rökkurvöku.



# SIGURINN.

Norsk saga eftir **Vetle Vislie**.

*Jón Jónsson frá Sleðbrjót þýddi.*

(Niðurlag)

„Góðan daginn ungrú Holt“, hrópaði vitavörðurinn.

„Góðan daginn vitavörður“.

Hún var einarðleg, nærri glaðleg.—Hún var klædd ljósum morgunklæðum, með hárið brugðið undir barðastóran stráhatt.

„Eg hefi þann heiður“, sagði hann, „að gera yður kunnuga þessum herrum. Þetta er Dr. Holtermann, á morgnana, en á kvöldin og nóttunni Dr. Þjøltermann“. Svo nefndi hann þá alla með einhverri skringilegri viðbót. Og þeir hlógu þakklátlega og gremjulega, eftir því sem orðin hljóðuðu.

„Við höfum nú verið í þessu synduga svalli um hríð, inn í borginni, og ætlum nú að kútveltast hérna nokkra daga, ef guð lofar. En það er svo tómmt alt heima hjá mér. Mér er meðfædd hræðsla við tómmt rúm umhverfis mig“.

„Einkum tómar flöskur“, tautaði Dr. Holtermann.

„Uss. Þetta var bragðlaus myndni. Við erum verst staddir með það að enginn kann að steikja kjöt. Þér vilduð vænti eg ekki, ungrú góð, sýna okkur þá velvild að hjálpa okkur dálítið? Eg hefði ekki þorað að nefna þetta, hefði eg ekki vitað að þér með því að koma fáíð tækifæri til að vera með manni, sem eg veit að þér metið mjög mikils“.

„Eg veit ekki“, svaraði mærin. „Eg verð að minsta kosti að biðja föður minn leyfis“.

„Ójá, já. Þér eruð fyrirmyndar dóttir. Heilsað honum frá mér og segið honum hann verði að þola okkur hina guðlausu nokkra stund enn“.

Hún hljóp inn og bað föður sinn leyfis.

„Þú veizt hvaða skoðun eg hefi á þessum mönnum. Eg skil ekki í að þig langi að fara“.

„Ónei. Það er nú svo sem ekkert skemtilegt. Og það finst nú Bergen ekki heldur, en —“.

„En hvað?“

„Ja, það, að það fer nú að verða nokkuð—einmanalegt að sitja hér alt af inni, án allrar umgengni og kunningssskapar við nokkra“.

„Ó, eg skil, eg skil. Asökun. Eg hefi annars ekkert á móti samveru þinni við aðra—að eins ekki með þessum mönnum“.

„Hér eru nú ekki aðrir á eyjunni“.

„Þess vegna verðum við að fara“.

„Leyfirðu mér þá ekki að fara. Auðvitað fer eg ekki ef . . .“.

„Eg banna þér ekki að fara, en mér er ekki um það“.

Hún tók regnhlífina, kvaddi fljótlega, en þýðlega.

Prestur settist við borðið og tók að þýða ritgerð. Hann var æstur í skapi og hugsunin á reiki. Þegar leið að hádegi, þá fanst honum hann þreyttur orðinn, og fór því út að létta sér upp. Hann heyrði glaum og gleði frá bústað vitavardarins. En hann vildi ekki koma nærri, svo hann nam ei orðin. Hann settist á bekk að hvíla sig í skjóli birkitrjáanna. Þar heyrði hann söng, og þekti löginn. Það var dóttir hans sem söng og spilaði löginn, sem hann hafði mestar mætur á—elskaði mest—og það var hjá þessum dýrslegu drykkjusvínnum.

Honum fanst það svik við sig. Þung tilfinning þess að hann væri yfirgefinn af öllum greip huga hans. Honum fanst hann aleinn í heiminum, fanst hann æfinlega hafa verið það.

En var hann ei sök í því sjálfur? Hafði hann ekki lokað sjálfan sig úti? Hann vildi snúða alt eftir sinni eigin hugsun, og félli það ekki alt í ljúfa löð, eins og hann vildi, þá reiddist hann og þóttist líða órétt—vera ofsóttur. Stríddi hann ekki við strauminn?

Hann reis á fætur og gekk hægt heim til sín. Hann var svangur orðinn, og leitaði sér uppi smjör og brauð, og settist að snæðingi. Svo kveikti hann eld, fyllti kaffiketilin og hengdi hann upp yfir eldinn.

Þá heyrði hann gengið hröðum fetum heim að húsinu. Hann leit út með hurðinni og kendi þegar, að það var dóttir hans, sem kom hlaupandi. Hún kallaði til hans: „Faðir minn þú verður að koma fljótt!“

„Hvað gengur að?“

„Vitavörðurinn er sjúkur. Hann hneig niður. Blóðið streymdi úr vitum hans. Hann er nærri mállaus, en nefndi þó lagt nafn þitt“.

Gumli maðurinn fleygði skjótlega af sér sumaryfirhöfninni, er hann var í. Klæddi sig eins og ósjálfrátt í dökkva frakkann sinn gamla og fylgdist með henni.

Aðstoðarmaðurinn beið þeirra við dyrnar. Það var hár maður, ljós yrlitum, hreinn og glaður á svip.

„Fyrirgefið herra prestur, að eg gerði boð eftir yðru. En þér eruð eini náttúnu okkar, og vitavörðurinn....“

„Já, hvernig er með hann?“

„Nú sem stendur liggur hann í dái. Dr. Holtermann álitur að hver stundin sé hin síðasta“.

„En vinir hans?“

„Þeir eru uppi á loftinu. Þeim felst mikið um þetta eins og þér getið nærri“.

Aðstoðarmaðurinn lauk upp dyrunum að herbergi sjúklingsins, og prestur gekk inn á gólfid. Hann hafði aldrei staðið við dárarbeið síðan hann vék frá embætti og skoðanir hans höfðu breyzt svo, að hann vissi nú varla hvernig hann átti að tala til deyjandi manns. Hvaða erindi átti hann annars hingað? Átti hann að tala þungum áminningarorðum til hins syndumspilta manns? Eða átti hann að mæla huggunarorð, vekja von hans um betra líf eftir dauðann?

Hann var feiminn að eðlisfari og nú fanst honum hann svo andlega fátækur og innihaldslaus, og óhæfur til að mæla nokkuð. En eitthvað varð hann að segja.

En allt í einu var eins og lýsti yfir honum. Hann þóttist sjá að þetta hefði þó nokkuð að þýða, og það vakti nærri gleðitilfinning hjá honum. Það var þó til réttlát alheimsstjórn. Mennirnir máttu þó ekki lifa alveg taumlausu lífi.

En hans betri tilfinningu hrylti við þessari hugsun. Svei! Þetta var skammarleg hugsun, gamaldags fordómur. Gladdist hann yfir annara eynd? Var hann hjartalaus? Var öll miskunn þornuð upp í hjarta hans?

Aðstoðarmaðurinn hafði í kyrþey dregið sig burtu og hjalaði við meyjuna. Prestur var aleinn hjá sjúklingnum. Það var hryggileg sjón að sjá hann, andlitið blóðrautt, neðri vörina lafandi, augun blóðhlaupin. Með vinstri hendinni reif hann sífelt í sængurfötin, en hægri höndin lá ofan á þeim dauð og dof-in. Prestur tók stól og settist hjá rúminu.

„Þér líður illa, sé eg?

Sjúklingurinn hvíslaði orð og orð á stangli: „Er að deyja—er að deyja—þú sér það—er hræddur“.

Prestur sat þögull um hríð. Loks sagði hann: „Það er ekki víst nema dauðinn sé okkur til góðs“.

Sjúklingurinn brosti, honum sýndist hálf-háðslega. Og hann fyrirvarð sig fyrir þessi fánýtu orð.

Sjúklingurinn reyndi að rísa upp, og með miklum þrautum gat hann loks stunið upp þessari spurning: „Er guð til? Lifandi vera, sem er guð?“

„Já. Það er mín trú“.

„Föst óbifanleg trú? Efastu aldrei?“

Prestur leit hægt í gaupnir sér.

„Efast! Jú, það geri eg. En eg hefi þörf á guði, löngun eftir guði“.

„Já, þarna kemur það! Eg get ekki dáíð án guðs. Eg sem hefi formælt honum og afneitað. Nú kallar hver taug í mér á guð. Hræðslan, hræðslan — við þetta völduga, við þetta dimma ekki neitt—hinar eilífu kvalir“.

Prestur færði sig nær honum, tók í hönd hans og mælti?

„Eg trúi á guð og á son hans Jesúm Krist“, sagði hann hægt og hátíðlega.

Það var eins og svipur hins sjúka manns lýsti trausti, jafnvel gleðibjarma sló á andlit hans. Presturinn fyrirvarð sig yfir kulda hjarta síns. Honum flaug í hug, að hann tryði þó á guð, en væri í önuðu skapi, af því að annar ógæfumaður leitaði



trausts hjá þessum sanna guði. Það stóð eins og lifandi fyrir augum hans. Sagan um tapaða soninn, þessi dæmisaga, sem einu sinni hafði vakið gremju hans, og nú í fyrsta sinn fann hann að ísinn bráðnaði frá hjarta hans. Hann sem svo oft hafði með gremju litið á svallaralíf vitavafararins, og sem oft eins og ósjálfrátt hafði nærri óskað að réttlætisins guð vildi typta hann. Hann sat nú þarna yfir hinum illgjarna óvin sínum og talaði við hann um fríðinn, sem ekki fæst hér á jörðu, en sem við öllum trú og von um í vorum dýpstu tilfinningum, að annað líf veiti oss.

Það var ekki alt rétt hugsað, sem hann sagði. Skynsemi hans og meðvitund mótmæltu mörgu af því. En hann fyrirvarð sig ekki fyrir það. Fann enga löngun hjá sér til að leiðrétta það. Þetta var það hlýjasta og fegursta, sem hann gat sagt, og það sem mest gladdi hinn deyjandi mann.

Á áliðnum degi andaðist vitavöðurinn.

Vinir hans kvöddu prestinn hlýlega og þökkðu honum fyrir velgerning hans og mannið.

Og gamli presturinn gekk glaður heim. — Mennirnir voru þá í raun og veru ekki svo vondir. — Þessi Bergen leit út fyrir að vera beztu drengur. Hann fann að hann var nú sigraður, þegar hann stóð augliti til auglitis við lífið eins og það er. Og hann fann að hann hafði unnið þann stærsta sigur, sem nokkur maður getur unnið. Sigur yfir sjálfsselsku og mannhatri. Sigur yfir dauðum hugmyndum, sem eru utan og ofan við mannslífið.

Hafið var spegilslétt. Sólargeislarinn glitruðu á smábylgjunum. Og hlýr vindblær lék um fjörðinn. Þokan var horfin og við auganu blasti hið frjálsta líf hafsins.

Hann settist á svalirnar, og horfði yfir hafið og fyrsta sinn í mörg ár fanst honum yfir sér blakta andblær frá æðra heimi. Fuglinn söng í trénu yfir höfði hans. Sólin var að síga á bak við bláfjöllin í verkinu, og kvöldroðinn gykti haður og haf. Honum fanst hann sjá dýrðarljóma af guðs veru, hvert sem hann leit.

## Fegurðarhugsjónin.

Ræða flutt fyrir „Ungmennafélaginu“ í Winnipeg, 15. janúar 1907.

Þess gerist ekki þörf, að gefin sé skýring á því í hverju fegurðarhugsjónin sjálf sé fólgin. Enda er það í engan stað létt sök að útskýra, því sú hugsjón á eins marga búainga og til eru sjálfstæðir og hugsandi einstaklingar. Þó mætti minna á helztu einkenni þeirrar hugsjónar eins og þau eru alment talin.

Fegurðarhugsjónin á sínu ýtrasta og síðasta stigi er mælikvarði fullkunnar, mælikvarði algjörleikans, mælikvarði á því hvað sé fullkomið ágæti, í hverju helzt sem vera skal, og sá mælikvarði er notaður á allt sem manningnum matir, er hann hugsar eða sér, stórt og smátt, mikið eða lítið. Það er frá afstöðu fullkunnarinnar, sem fegurðarhugsjónin dæmir. Allir hlutir, eftir því sem þeir eru fullkunnari, eftir því eru þeir fegurri; eftir því sem þeir eru algjörari, þess dýrðlegri, fegurri eru þeir. En inn í þenna fullkomleika, sem hugsjónin setur sér fyrir markmið, er innofnir ýmiskonar eiginlegleikar, svo sem jafnvægi, rétt afstaða, hlutföll, svipur, aðgreining, form, ímynd o. s. frv.

Til dæmis, vér segjum: „Landið er fagurt og frítt“. Til þess það nú ná þeirri lýsingu, heimtar fegurðartilfinningin ekki einasta eitthvert land, sem er þur jörð, heldur land, sem hefir til að bera allt það sem augað finnur að fögnuð veitir, aðgreiða jörð og vatn, að réttum hlutföllum svo hvorugt yfirgnæfi hitt, land með víðsýni, „bleikum ökrum og slegnum túnum“, „hamra-girðing“ bak við hvítspeglandi sjá. Þar verður einnig líka að vera hið smærra og fingervara, „fífilbrekka gróin grund, grösug hlíf með berjalautum, flóatetur ísfusund“, og nokkurra fegurðarsmekkur heimtar, „að fénaður breiði sig um græna haga.“

Orð Gunnars um hlífina, er hann atlaði að fara utan og fullnægja dómnnum, gefa til kynna fegurðar hugsjón hans: hvaða eiginlegleika þurfti til þess landið gæti álitist fagurt. Aftur á móti sér Kolskeggur þar enga fegurð eða dýrð, er hann væri ekki ásáttur með að yfirgefa, „og starði út á Eyjasund.“ Má

af því marka hve misjafnt menn dæma um sama hlut, og hve fegurðar ímyndin er breytileg hjá mismunandi mönnum.

Se n annað de ni metti benda á hvað felst í orðunum fagur maður, og athuga hvað útheimtist til þess að einn eða annar geti talist fagur maður. Þar kemur fyrst og fremst til greina vaxtarlag, að það sé í fögrum og réttum hlutföllum. Hálsstuttur maður kloflangur, eða hálssangur maður og hálsgrannur en kúlavaxinn yfirum sig, getur alls ekki talist fagur maður á-lits hversu frítt sem andlitsfallið kann að vera. Jafnvel sumir menn, sem frekar mætti teljast ófríðir, ef tillit væri tekið til andlitsins eins, geta verið fagrir og gjörvulegir, og það ekki að litlu leyti. Skáldið Tegner lýsir líkanlegri fegurðarímynd, þegar hann talar um Blástakka Karls tólfta: — „Hávaxnir grannir glæsimenn, sem grenitrén á Svíafoldu“. En svo nær engin maður fegurðartakmarkinu, þótt hann hafi fagran líkama, ef ásýnd hans ber engan svip, augun endurspegla enga sál, orð og málfæri ber engan vott um skynsemi og vit. Og þótt þess sé ekki vant, þá vantar samt mikið á enn og það er upplag og innræti. Það er ekki nóg að maðurinn sé skynsamur þorpari, Hans andlega tilveru hlið er þá ljót og ófullkomin. Maðurinn er margbróttin vera og allir þeir eiginlegleikar, sem gera hann að manni, verða að vera í réttum hlutföllum til þess að persónan sjálf geti heitið fögur. Fullkomin líkami, fullkomin sál, fullkomin siðferðis meðvitund, fullkomin einurð og réttlætis tilfinning, nær fegurðarhugsjóninni nokkuðvegin, sem í orðinu býr, „að vera maður“.

Sömuleiðis fögur kona eða stúlka er ekki sú, sem bezt hefir mentast í enskum vistum, eða sú sem er með tilgerð í fasi eða tali, lagar til líkamsvöxt sinn með krínólínu eða bol svo að hún er annað veiðid eins og útþanin skjóða og hitt veiðid eins og samanþind þvottaklemma, vegna þess, að það er öllum mannlegum vexti óeðlilegt. Fegurðar hugsjónin heimtar eðlilegheit í öllum búningi og látbragði eins og sú hugsjón er á meðal síðaðra þjóða. Mörg líkamslýti má mikið bæta upp með eðlilegri látlausri framkomu, og glaðvakandi viti. Eitt orð, eitt skýrt og djarfmannlegt upplit, augu, sem bera vott um að

hugurinn leitar meir út, en inn á við að persónugerfinu sjálfu, út í rannsakandi ljós,— glaða og lifandi tilveruríkið, þar sem hægt er að horfa á töfraleiki, gleði og sorgarleiki tilveruheildarinnar, sem sífelt eru háðir, er meira vert en legiönur af brjóstadúkum, axlapúðum og undirhökum, sem margar ungar stúlkur hafa dálæti á.

Það er alls ekki með þessu meint að verið sé að lasta fegurðarsmekk kvenna, en ýmiskonar búningur, ytri mynd þess fegurðarsmekks, er alls ekki eftirlfkingarveiður. Þar hafa skapad sér harðstjóra, sem heitir tízka. Tízkan er þeirra handaverk, og hefir það stundum verið sagt, að sú stúlka, sem mest elti tízkuna tillitslaust til eðlilegrar fegurðar atti allra nanna minst af sjálfstæðri dómsgreind og fegurðartilfinningu.

Frá hinni ytri sýnilegu mynd mannglegrar fegurðar er kvenmaðurinn sú mesta meistarasmíð guðs, sem til er á jörðinni. Fagurvaxin stúlka uppfyllir skilyrði fegurðarformsins allra lifandi vera bezt. Því líkamsvöxtur hennar fellur eftir þeim línunum, sem kallaðar eru „fagurlínur“, og finnast í frumhreyfingum alls náttúruríkisins í öldufalli ljóss og vatns og veðra, og jafnvel í hreyfingum Ethersins sjálfs, að því er sagt er. Hún er þess oft líka meðvitandi sjálf og bróðir hennar maðurinn hefir óljósa hugmynd um það líka. Þess vegna er það líka raunalegt þegar „meistarastykkið“ sjálf fer til verks og gerir úr sér kengbogið axarskaft, af því skilningnum er svo sorglega áfátt í því í hverju fólgin sé fegurð í raun og sannleika.

Það mætti fara hér feti framar. Það er við efnið, þó það gangi dálítið út frá því, sem vér erum aðallega að ihuga. Það er ástleysi óteljandi hjónabanda. Eðlileg fegurð er eitt af því sem mest og bezt eykur á virðingu og ást meðal hjóna, og skyldi ekki hin snögga umbreyting, sem oft fylgir fast á hæla hjónavígsunni frá „meistarastykki“ í axarskaft, eiga sinn góða þátt í ástleysi og kala? Geta hjón átt von á því, að um leið og þau hætta að hirða nokkuð um fegurð og nettprýði að þau áframhaldandi verði hugfangin hvort af öðru öll ár sín til enda? Durgur og dyrgja unnast aldrei hugástum, ekki fremur en Boli og Baula. Þau hrynda ástinni á dyr um leið og þau fklæðast

ruddagerfinu. Þegar velsæmis tilfinningin og fegurðartilfinningin deyr, er öllu hinu fínna sálarlífi manna hætt. Óþrifin húsfreyja á ekki skilið að vera húsráðandi og „hafa manna forráð.“ Hún gengur næst þeim sem þjást af lepru og limafals-sýki. Um hana segir Hallgrímur Pétursson, að hún sé eins og „loklaus kanna“.

„Ljót er loklaus kanna, leirug hönd á svanna“ o. s. frv.

Fegurðarhugsjónin heimtar rétt samræmi, jafnvægi og hlutfall svo vér endurtökum það á ný, frá öllum hliðum hvers hlutar eða tilveru sem (huguð er. Samræmið er erviðara, hugsjónin því hærri, eftir því sem persónan eða hluturinn, eða hvað það er, er í eðli sínu fjölbrotnara og meira. Það er erviðara að vera fullkomin persóna heldur en fullkomið borð eða bekkur, það er fleira þar við að athuga en það, sem skoða þarf í sambandi við dauðan hlut.

Við fegurðar hugsjónina má miða öllum hlutum af öllu ímynduðu og mögulegu. Vér getum talað um veður, sjó, fjöll, drauma, jafnvel sjúkdóma og dauða, sem fagurt. Hvert út af fyrir sig getur það verið fagurt, ef jafnvægið er fullkomið, það er fyrsta og síðasta skilyrðið að öll hlutföll séu rétt. Fegurðar hugsjón mannsins, eins og siðferðis hugsjón og trúarhugsjónin, er í eðli sínu mjög margbrotin. Aðallega hefir hún þó æfinlega verið tileinkuð einum sérstökum eiginlegleika manna, nefnilega sjóninni. „Augað er höfundur fegurðartilfinningar mannsins,“— en sé hitt rétt, sem áður hefir verið sagt, þá er þetta ekki að öllu leyti rétt, Augað veitir mannum að eins formið, hugvit mannsins leggur til efnið sjálft, en ímyndunin veitir því líf og tilveru.

Þessi þrjú meginöfl mannglegrar tilveru hafa ætíð í samningu lagt hvert sinn skerf til fegurðar hugsjóna manna, frá allra fyrstu tímum. Strax á frumstigum siðmenningarinnar sést þess ljós votur og það upp til þess tíma. Augað sjálft hefir jafnvel átt minstan þátt í því að skýra fyrir mönnum það fagra í tilverunnar ríki, því hvert fótmál sem fegurðar hugsjónin færir áfram, þá er það samhliða því sem mannsandinn þroskast og vex, og það er því í framþróun mannsandans, sem

vér verðum að leita að vexti og framförum fegurðarhugsjónarinnar. Ætti hún ekki þar sínar aðalrætur myndi hún frá fyrstu tímum hafa staðið í stað. Því sjón mannsins hefir heldur farið aftur en fram á jörðinni. Sú var tíðin að menn sáu eins vel í dimmu sem björtu, en nú er það kattanna einna að aðgreina einn hlut frá öðrum er skyggja tekur.

Vér athugum því frá þeirri hlið, hlið framþróunarinnar, málefnið eins og það liggur fyrir oss. Og er þá best að snúa sér að því án frekari inngangsorða.

Fegurðartilfinning manna á tungumál algerlega út af fyrir sig, eitt alsherjar mál, sem allir skilja, sem engir þurfa nokkra útskýringu á. Mál þetta talar ekki með orðum, heldur með myndum, hreyfing og hljóðfalli. Sameiginlega er það kallað í öllum sínum einkennum: **listir**, og vér Íslendingar höfum bætt þar lýsingarorði framan við og köllum það **fagrar listir**. Listin er útvortis mynd eða líking hugsjónanna, sem inni fyrir eru, rétt eins og málið opinberar hugsunina, og það er því í listum frummanna, sem vér leitum að fegurðarhugsjón þeirra.

Listin er með ýmsu móti, hún kemur strax fram á sínum fyrstu stigum í flestöllum þeim myndum, sem hún síðar hefir. Henni er oft skift í tvo flokka, sem *óbreytilegri* og *breytilegri list*. Óbreytileg list er allskonar steinverk, tréskurður, leirsteypuverk og dráttlist. Á upphaf og framþróun þessarar hliðar listarinnar hefir hið óbreytilega eða íhaldsama í mannseðlinu sjálfu haft sterkust áhrif, trúarbrögðin og kindurvitnin. Aftur er hin breytilega list, leikir, söngur, rím, dansar o. s. frv., og er sú hlið framleidd aðallega frá tilfinningahlið mannsins. Með því að lita á þetta hvortveggja á vissum tímabilum, má allskýrt sjá hina andlegu menningu manna á einni eða annari öld.

Meðal frummanna eru báðar þessar listir til. Mest ber þó á þeirri óbreytilegu, og kemur hún aðallega fram í tilbúningi á ýmsum skrautmunum, svo sem fægðum steinum, höggormstönnum, fjöðrum og öðru, er villimaðurinn notar til þess að prýða sig með. Aðalþráin virðist vera sú meðal fornanna að vera fagur og glæsilegur. Fyrstu listatilaunir gera menn á sjálfum sér. Fegurðarhugsjónin virðist eiga eithvert óljóst

takmark, og takmarkið er að framleiða mannlega fegurð. — „Sneuma beygist krókurinn, sem verða vill“, og bæði Grosse og Darwin álíta að í þessari tilhneigingu meðfæddri og svo afsterkri, leynist menningarfræ komandi alda, spádómurinn um fullkomnara takmark, það sem maðurinn stefnir að. Þessi tilhneiging er hið fyrsta og einasta, er með sanni má segja að aðgreini menn og dýr.

Frumþjóðirnar gengu upphaflega klæðlausar og naktar og tókadist það meðal forfedra vorraAriananna þegar þeirra verður allra fyrst vart. Hvert það var af því þeir voru þá í „heilagleikans standi“, eða það var áður en Adam og Eva létu búa sér til skinnkyrtlana, erenn ekki fullvíst. En svo mikið er áreiðanlegt, að um það leyti voru fót ekki brúkuð meðal manna. Líkaminn var þá dálítið öðruvísi; þessir litlu fingerðu hártoppar, sem spretta nú út úr eyrnasneplum manna og á handarbökum og víðar, uxu þá um allan kroppinn, svo þó að kólnaði í veðri þoldu menn kuldann betur.

Darwin segir, að fót hafi fyrst verið notuð sem nokkurskonar skreyting, og voru það karlmenn sem fyrst notuðu þau til þess að geta betur gengið í augun á stúlkum þeirra tíma. Þeir voru í þá daga aðalráðendur tízkunnar, því þeir höfðu það lag á heimilisháttum sínum, að koma sér hjá öllum smásnúningum og höfðu því minna að gera og gátu betur gefið sig við öllu þesskonar. Fötin voru ekki mikil, sem fyrst komu á gang að eins mittisskýlur, búin til ýmist úr grasi eða dýraskinum, en þau gátu verið allsnotur fyrir því. Grasbandið var kannske strásett alskonar fíflum og sóleyjum og ýmsum litum. Vilja sumir mannfæðingar nú á dögum álíta að brúðarblómin og ýmsir kranzar sem brúkaðir eru við ýmisleg tækifæri eigi þar sín fyrstu upptök, í mittisskýlum Adams gamla eða forfedra hans.

Skreyting líkamans var aðalumbugsunarefnið fyrst, og það er álit Westermarcks að aðaltilgangurinn hafi verið sá að efla með því samdrátt karla og kvenna, að skemta auganu og uppfylla fegurðarkröfur þeirra tíma. Og það er hætt við að svo lengi sem heimur varir og tvö eru kynin verði það jafnan haft í

miklum hávegum, að geta litið vel út, vera í eigin persónu skrautlegur og glæsilegur.

Fjórir sterku litirnir voru í mestu afbaldi í þá daga, sérstaklega, rauðir og gulir litir, voru þeir brúkaðir til þess að mála andlit og hendur, og síðar vopn og steina og leirsteypur. Það þótti ekki álitlegur búningur, ef ekki var annaðhvort andlit eða handleggir dreifðir gulum eða rauðum farfa hér og þar, og finst þess enn þá merki meðal villipjóða. Það er jafnvel sagt, að svertingjunum í Suðurríkjunum þyki ekkert varið í annað en ljósgulan og rauðan klæðnað. Litir þessir voru líka notaðir til þess að lita með grímur, er menn snemma lærðu að brúka, ýms trúarleg gögn og bænaáhöld.

Næst því að hengja allskonar után á sig eins og mittisskýlur, festar úr höggorma tönnum, dýrafætur, fífla og trjákvisti, eða mála sig, kom sú list að reyna að breyta líkamanum sjálfum, gera hanu álitlegri að fegurð, með ýmsu móti, er mönnum þá datt í hug. Er það alt einu nafni nefnt „tattoo“. Tattooinginn tók á sig fimm myndir. Sú fyrsta og upprunalegasta var sú, að rista allrahanda rúnir á bert hörund sérstaklega á andlit og hendur. Ýmiskonar hugmyndir voru skornar í hörundið og skurðinum svo haldið opnum, núið í sárið ýmist kolum eða mold til þess að örið skyldi bera annan lit þá loksins það greri. Þetta var altítt meðal Ástralíumanna, Papúa og Nýja Sjálandinga og hefir verið altítt meðal allra frumpjóðanna. — Tattooingunni hefir verið deilt í fimm flokka, eftir því hvaða hugmynd hefir átt að tákna með Tattoo-inu. Fyrsti flokkurinn er nefndur *Skenomorphus*, og er fyrirmyndin þar sem útskorin er á hörundið einhver líking af einhverjum einkennum jarðar: á, dalur, steinn o. s. frv. Þá er næsti flokkur nefndur *Biomorphus*, eða eftirlíking kraftaverka og yfirnáttúrlegra hluta andlegs eðlis, eins og mynd lífsupprunans, myndir anda og helgra dóma. Þessi Tattoo-ering var aðallega samfara trúarbrögðunum og tilheyrði prestastéttinni sérstaklega. Sem dæmi þessa mætti nefna hjá forfeðrum vorum, að rista helörn, eða helrún. Þegar sögur byrja, er hún rist sem undirbúningur undir dauða, en fyrrum hefir það verið Tattoo, sem skorið hefir verið á hvaða



tíma aldurs sem var. Meðal villimanna er Biomorphus Tattoo-ið oftast sem kringlóttur bolli, stundum er þar upp úr stryk eða þá hringir, og er það sköpunarsagan í fáum dráttum.

Þriðji flokkurinn er kallaður *Philomorphus*. Þetta Tattoo var í líking ýmiskonar jarta og hinni tungla, sólarhálfhrings, tunglskeifu og þessháttar, og var aðallega ásta og töfra rún. Skyld þessu Tattoo var umskurn Gyðinga og annara Semíta, þótt það Tattoo væri hvorki á hönd eða andliti og yrði síðar trúarbragðalegur síður.

Manni dettur í hug að frá þessum síði hafi risið ýms tautur síðari tíma, þegar menn fóru að skera þetta Tattoo í tré eða draga það á börk og steina, og trúin var orðin sterk á kyngi þess og mátt. Það varð heilmikill vísdómur, og það á Norðurlöndum, að rista að mönnum sigur o. s. frv. Hvort mun hinn frægi Karlamagnúsar hringur þjóðtrúariunnar eiga sama uppruna?

Fjórdi flokkurinn er *Zoomorphus* Tattoo, rist í líkingu ýmissa dýra. Oftast eru það skaðvænni dýrin svo sem höggormar, ljón, drekar og önnur skrýmsl. Heimenn og ránsmenn—konungsfólk þeirra daga, áttu ekki skildi eða skjaldarmerki önnur, eins og höfðingjar þessara tíma, en risttu skrýmsli sín á bert hörund, og báru þau ýmist „á enni sér eða brjósti sér“, þar sem nú eru að eins *meðtekin* „teikn hins helga kross.“

Fimti flokkurinn er *Anthropomorphus* Tattoo, eða mannlíking, og þarf ekki að taka fram hversu það var.—Ýmsra álit er, að Tattoo hafi verið á undan leirsteypuþróttinni og tréskurði og leitt til hvorstveggja. Tíðkan breyttist, í stað þess að þessar margvíslegu myndir væri ristar á bert hörund fann einhver upp á því að telgja þessar sömu myndir í tré eða steina, eða þá rista þær á viðarbörk og festa þær svo alstaðar utan á sig. Orsaker til þessa mun létt að finna. Það er skiljanlegt að sársaukinn hafi knúið menn til að uppfinna einhver önnur ráð, en að örkumla sjálfa sig, til þess að láta í ljósi fegurðarhugsjónir sínar. Enda koma *grímur* á gang mjög snemma og áður langt líður ganga í stað Tattoo og verða ein hin nauðsynlegasta spæriflík heldri manna. Þær eru gerðar í manna og dýra myndum ogeiga auðsjáanlega að vekja ýmist gleði, ótta eða lotningu. Meðal villi-

þjóða nú á þessum tímum eru grímur mjög tíðkaðar, og voru þær mjög algengar meðal Indíána hér í landi fyrri á árum. Þær eru og til enn á meðal evrópskra manna við sérstök tækifæri. Menn brúka þær við danza og leiki,— og banka-þjófnæð og húsbrot.

Enginn efi er á því, að upphaflega var Tattoo-eringin skoðuð sem skreyting líkamans. Það sést jafnvel votta fyrir því í fornum þjóðsögum Norðurlanda. Mig minnir að það sé í sögu Ásmundar Kappabana, að sá biðillinn þótti fegurri er fleiri herörin bar á hendi. En svo getur það líka átt að skiljast, að dómur hafi verið lagður á hreysti og djarfa sókn— fegurð í þeim skilningi.

Bæði samfara Tattoo-inu og svo síðar komu þeir síðir, að afmynda ýmsa limi líkamans til prýðis. Af því var fyrst og fremst *alstungan*. Göt voru boruð í eyru, nef eða varir. Var sá síður mjög útbreiddur í fyrndinni og hefir haldist til skams tíma meðal villiþjóðanna. Manni kemur til hugar, að sagan af Brokk og Loka í Eddu sé í einhverju skyld þessum síð, þar sem dvergurinn stakk göt á varir Loka og rifaði saman munninn með þveng. En það gera villimenn ekki. Eskimóar, Indíánar, Batohadar í Brazílu stinga göt á eyru og varir og festa þar í hringa, steina og perlur. Hálfsiðaðar þjóðir gera það líka eins og Abyssíníumenn, og eyrnahringir eru enn í fullu gengi meðal kvenfólks í síðuðum löndum. Það er mjög skamt síðan að Norðurálfu-karlmenn skreyttu sig með eyrnahringum, og það munu vera til Íslendingar, sem enn brúka þá.

Þá var og sá síður að sverfa tennurnar eins og Malaeyingar gera, sverta þær eða bora þær og fylla með steinum. Sumar skrælingjaþjóðir venja þær út, svo þær komi út fyrir varirnar, eða mölva þær í burtu. Ástralíum. þykir prýði að því að tanngarðurinn sé ekki alveg heill.

Þá eru *böndin*, og eru þau tíðkuð meðal Kína enn þá. Höfuðið er vanið og flatt strax á barninu með þröngum vöfum, fætturnir eru kreptir, og er sagt að sumar Kínastúlkur hafi svo netta fætur að þær verði að gera sér að góðu að hafa þær aldrei

til gings. Upphaflega voru ýmist notaðir hringir úr steini eða tré til þess að fletja til höfuð hendur og fætur.

Ýmsar aðrar fegurðartilraunir tíðkuðust og tíðkast enn meðal villipjóða og annara. Ástralíumenn bera vax í hárið, fylla það með fjöðrum, mosa, skeljum og allra handa, svo hárið er eins og einn klepurskúfur. Hópi og Borneyjar stúlkur snúa hárið í kringlur og líkingu hjóla. Japan stúlkur snúa það í lotus og lilju myndir og fiðrildavængi. Norðurálfu kvenfólk vefur það í ýmsar snurður, sem enginn þekkir nafn á og ómögulegt er að lýsa. Ef fara ætti að lýsa því myndi margur kenna fátæktar í máli. Helzt mætti þó líkja því við lögun nýtzku hattanna, ef þá er nokkru nær.

Í þessu stutta yfirliti höfum vér þá lýst helztu byrjun hinna óbreytilegu lista, þar sem fegurðarhugsjónin tekur sér fyrir að reyna að gera sig skiljanlega með því að sýna fullkomnunarhugsjón sína. Allar tilraunir frummannsins snúast um það að prýða sjálfan sig. Fegurðarhugsjónin öll er materiölsk og háð ytra útliti einu. Þetta breytist svo eftir því sem maðurinn leitar hugsjónarinnar lengur. Hann verður sjálfur þess var að hann er ekki hið fullkomnasta, sem hann þekkir, heldur rís í huga hans önnur æðri fullkomnun sem hann reynir alltaf að gera gleggri og skýrari, hugsjón, sem leitar þess sanna og eðlilega, náttúrulegmálsins sjálfs. Myndir meistaranna, síðari tíma og marmarasmiði Grikkja hinna fornu eru langt komin framfyrir þann tíma þegar menn afskræmdu andlit sín eða ristur sér rúnir á baki og brjósti, til þess að endurbæta skaparans verk. Það er langur og erviður kafli menningarsögunnar frá Ástralíubúum til Phydiasar gríska og Thorvaldsonar íslenzka. En þetta er mannmankynið búið að fara,—sumt af því, en engin veit hvað mörg þúsund ár það hefir tekið.

Hinar breytilegu listir birtast ekki eins mjög í ákveðinni mynd, og til þeirra teljast aðallega *danz*, *leikir*, *íþróttir*, hljóðfærasláttur, söngur og ljóðagerð. Danzinn var upprunalegastur og almennastur. Honum samfara var ætíð söngur og glaumur. Allar frumpjóðir heimsins þektu danzinn og allir þekkja hann enn í dag. Danzinn hefir það sér til ágætis að hann er félags-

legastur allra lista, í honum geta allir tekið þátt, ungir og gamlir, og upphaflega kunnu allir „sporið“, enda var takturinn léttur, er bariinn var á bumbu eða sleginn á læri sér. Mjög snemma var danzinn samlagaður trúarbrögðunum, og var það ekki illa tilfundið, því hann var viss með að draga fólkið saman. Víða í G. testamentinu er getið um danz við hátíðir og fórnir, og fyrisagnir margra Davíðs sálma benda til þess, að þeir hafi verið danzlög og valzar, sbr. 9. 12. 18. 55. 56., sem teknir eru af handahófi. Þá er og sagt frá danzi Davíðs konungs fyrir Sáttmálsörkinni (2. Sam. 6. 14.—21.), þegar hann afklæddist og „danzaði af öllum mætti fyrir drottni“, og kona hans Mikal sagði við hann: „Vegsamlegur var Ísraels konungur í dag þegar hann afklæddist fyrir ambáttum þjóna sinna, eins og siður er hinna lausláta“. Í þeim sama kapitula er sagt frá hljóðferum, er notuð voru við það tækifæri: „hörpur, hljóðspur, trumbur, bjöllur og lúðrar.“

Það er flestra meining að samfara öllum fórnveizlum Ísraelsmanna og Semíta hafi verið danz, og eru til heldur ófagrar lýsingar af honum, sérstaklega Moloks og Istarte dönzunum. Þá munum vér öll eftir danzinum í höll Herodesar, sem sagt er frá í Matt. 14.

Sagt er að Backusar-danzinn hafi verið mjög snemma til hjá Grikkjum og Rómverjum. Hjá Grikkjum var sá danz haldin oft fjarri mannabygðum, á heidum uppi, og var honum samfara víndrykkja, hljóðfærsláttur og ólifnaður. Fólk reif af sér klæði og fylltist „gudsmóði“, er nú myndi kallað ölæði, og hélt veizluhaldinu áfram eins lengi og kraftarnir entust.

Dr. Havelock Ellis segir frá samskonar dönzum, er tíðkast enn á meðal Rússa í suðurhémuðunum og eru í sambandi við kyrkjur þeirra. Þá lýsingu vil eg ekki tilfæra hér. Ófæð hafa Vikivakarnir Íslenzku verið sama eðlis og danzinn meðal frumþjóða, og upphaflega haft sömu merkingu. Og það hefir verið að eins helgiathöfn og guðsþjónusta, danzinn í Hruna á jólanóttina, þó eins illa færi og fór.

Skyldir danzinum voru *leikir*, þar sem leiknir voru viðburðir eða trúarhugmyndir o. s. frv. Upphaflega lærðu menn

leiki með því að herma eftir því sem fyrir augun bar, dýrum, fuglum, vindum og veðrum. Svo fóru menn að leika það sem þeir sá og hugsuðu. Öll fornöldin er full af trúarleikum eða „mysteriu“-leikum, og hefir margt af þeim haldist til þessa dags. „Mysteriu“-leikirnir hrifu hugann og æstu tilfinningarar. Þar var sýnt hið yfirnáttúrlega og óskiljanlega. Mythra-leikurinn er einna áhrifamestur var til forna, er enn við l.ði í nýrri mynd, og eiga fáir von á því að *skrúðgangau* og *sakramentið* eigi þar upptök sín. Pueblo-menn í Yucatan léku grímu leiki og voru þeir helgar athafnir. Þá voru og kappleikir einnig, er byrjuðu mjög snemma og teljast til hinna fögru lista. Það var aðalmentun og lífs undirbúningur fyrri daga, að æfa líkamann sem mest og það tilheyrði persónulegri fegurð, að bera af öðrum í hnefaleik, hernaði, hlaupi o. s. frv.

Söngur, ljóðagerð og hljóðfærsláttur voru og strax til jafnsnemma manningum. Þyturinn í skóginum, niðurinn í fossunum, báruhljóðið við sandinn kendu hönum sínar fyrstu náttur. Ljóðagerðin var upphaflega einskonar hrynjandi, oft og tíðum eintóm lokleysa—eins og hún vill veita enn þá, en ef um efni var að ræða, þá var það ætíð ævintýralegt. Það sem fyrir einstaklinginn sjálfan hafði boritð. Lönd og dalir sem hann hafði séð, villidýr, er hann hafði átt í höggi við, óvinir er hann varð að bana. Flest eru fyrstu ljóðin sjálfslof um fegurð, hreysti og mikilmensku höf. Svo eru bænir til guðs og óbænir til óvina (sbr. D. sálm 109).

Hljóðfærsláttur villimanna er eingöngu taktur og hljóðfærin þau, sem slegnir voru á taktar, lík og trumban, sem alstaðar hefir þekst nema hjá Brasilíubúum. Ástralíumenn hafa nokkurskonar einstreng, sem þeir nefna „Gara“, og er hann í boga líki. Ísraelsmenn höfðu strengjahljóðfæri, er þeir kölluðu „Githith“ og „Almúth“. Fugianar og Micronesianar eru þær einu þjóðir, er engin hljóðfæri þekkja.

Á nýja steinaldartímabilinu í Evrópu finnast horn er brúkuð voru sem hljóðfæri. Sum þeirra eru 8 feta löng. Frá þeim tíma finnast líka bjöllur og flagíólur. Í Asíu er lúðurinn aðal-

hljóðfærið, og í Ameríku „rattler“ eða skellan. Indíánar þektu og líka trumbur og hljóðpípur.

Hinar breytilegu listir hafa í mörgu tekið miklum stakka-skiftum. Hugsjónin sem í þeim felst hefir breyzt, fullkomnast, krafist háleitari myndar. Danzinn, hnefaleikurinn, vopnfimin, „Mysteriu“-leikurinn, er að hverfa sem útvortis teikn eða búningur fegurðar hugsjónarinnar. Þó halda sterk bönd enn þá í hvortveggja, danzinn og „Mysteriu“-leikina, eða helgi seremoniurnar. Fegurðarsmekk fjöldans er um það að kenna, að hann skuli gera sig ánægðan með að nota búninga þá, sem skrælingja tímabilið tilbjó hugmyndum sínum, sem búning sinnar eigin hugsjónar og fegurðartilfinningar. Aftur á móti hefir söng og hljóðfæralist farið fram sem eðlilegt er, og eru allar líkur til þess hóðan af að sönglistin lifi eins lengi og mannleg tilfinning er til. Sú list hefir alt það til að bera, sem fegurðar hugsjónin getur heimtað. Hún er grundvölluð á eilífu lögmáli og getur því altaf með hverjum mannsaldri tekið ótakmörkuðum framförum. Hún er eilíflega sönn og eilíflega fögur. Og það er að eins það eitt, sem þau einkenni hafa til að bera, sem altaf geta fylgst í hendur með mannlegri framför, altaf verið búningur þeirra æðstu sýna sem hinir djúpskygnustu mannanna synir fá augum litið.


Það sem ekki nær því stigi hlýtur að deyja. Það getur tekið skamman tíma, það getur tekið langan tíma.

Samhliða fegurðartilfinningunni hefir og hin gagnstæða tilfinning náð haldi á hugum manna, nefnilega, næmari tilfinning fyrir því ljóta og ófagra og ósanna. Og þessi síðari sálar-eiginlegleiki hefir meira en nokkuð annað hjálpað til að hefja fegurðar hugsjónina, hafna ósönnum og ljótum búningi fyrir það sem maðurinn áltur helgast og hæst. Þessa tilfinningu mætti nefna *velsæmis* tilfinningu og eitthvert hennar bezta vopn móti öllu ósönnu og ljótu er *blygðunin*. Menn bera blygðun fyrir því sem ljótt er í þjóðarfari, síðum og venju. Eftir því sem fólk stendur ofar á siðmenningarstiginu, eftir því er velsæmistilfinningin næmari og blygðunarsemin meiri.

Sjálsagt væri það efni í langa ræðu, hvort fólk vort og sú þjóð, sem vér lifum hjá, sé komin svo langt að hafa eins næma fegurðarþrá, sannleiksást og velsæmis tilfinningu og velsiðuðu og mentuðu fólki sæmir.



## Barnapula.



Gekk eg vestur Furðustíg, — vestur að Mímisbrunni,  
Þar í hárrí höllu, býr hann Þorkell Þunni.

Við börnin sín hann þetta söng  
Fögnum í ljóðum, Bókmenta ljóðum — — — :

„Margt amar að börnum, aumingja kvörnum.

Þau eru að gráta, illa að láta.

Kvíða fyrir háskanum, sem hendir þau á páskunum,

Prófin að standa, eftir gömlun vanda.

Tíu dala þrísá, gef eg honum Vísa.

Þangað til þau ekkert fá, þótt svengi og þrengi.

Að því verður líka að gá, okkur bannar Maríá

Kjötmetisins feita á föstunni neyta.

Eg trúí ekki föstunni, þótt hún sé í trúnni.

Barna-trúnni. Samt held eg hana, og hana.

Eg trúí ekki ritningu, meira en mér sýnist.

—Goggurinn brýnist. Eg trúí af vana.—

Enga læt eg vita það, nema svona utanað.

Aftarlega í lestum, er hún hjá flestum.

Þá sem eru dauðir, telur hún mesta,

Salomon og Davíð sína æðstu presta.

Gleymir hún mér alveg, — sussum og sussa!

Ljótt er að heyra, sagði eg við Gussa.

Þótt eg sé að eins „þögul rödd“, í skúmaskoti á kvöldin.

Held eg ætti að hlusta á mig heimskingja fjöldin,

Allir mínir landar, héðan og handau.  
 Því eg á svo blíðan munn, brosi eg með hönum,  
 Gala með hönum. —  
 Hefirðu ei séð munninn minn, hvað hann er mjúkur,  
 Eins og silkidúkur?  
 Hann er mitt mesta þing. Mig hefir hann skapað,  
 Komið mér á framfæri, sem aðrir geta ei apað.  
 Hann kann að mala, og hann kann að tala.  
 Hann kann að gala og hann kann að hjala.  
 Oft hefir hann sungið, þá aðrir hafa sprungið.  
 „Fagrir gala gaukar, grænir spretta laukar“.  
 „Brauð þú varst og brauð þú ert“. Börnin eiga að þegja!  
 Sussum og sveija!  
 Hver vill reyna við mig, fyrir hallardyrum,  
 Fyrir skóladyrum, fyrir skáladyrum.  
 Ágúst stendur úti, ei þarf hann að reyna.  
 Ekki vil eg heldur fangbrögð við neina.  
 Eg vil glíma aftan við, það er eftir nýja síð  
 Fegursta listin, fyrir mann kristinn.  
 Höfði ofar hlýrum, heiðri með skírum.  
 Nálaraugað geri gleitt, svo geti eg um það smogið,  
 Enda mjór og gljáður, eins og silkiþráður.  
 Ef að þreytt er trúartal, tala eg öðrum betur.  
 Veit eg hversu vinda skal, og velta snældu minni.  
 Svo að guma gruni ei neitt, get eg þeir ei finni  
 Hvað meina eg með minni, tölunni minni.  
 Eg get galað þrisvar, „áður en haninn gelur tvisvar“.  
 Seinn er hann að gala, — sem sumir að skilja,  
 — En bezt er að dylja, það ætti að dylja.

Tóki.

**HEIMIR** kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar úrgangurinn. — Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimisbyggingunni austan við Unitarakerkjuna, á suðausturhorninu á Sherbrooke og Sargent strætum, (582 Sargent Ave.) Winnipeg Man. —

Ritstjóri sra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.